

Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 24.11.2020

Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift verður til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@fm.is.

Í stöðuskýrslu átta er að finna upplýsingar um atvinnuleysi í október og nýjan félagslegan aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar. Í skýrslunni er einnig tekin staðan á þjónustu til atvinnuleitenda og framgangi mikilvægra félagslegra verkefna sem unnið hefur verið að á síðustu misserum.

Áhugavert í áttundu stöðuskýrslu

- **Almennt atvinnuleysi á Íslandi var 9,9% í október.** Atvinnuleysi vegna hlutabótaleiðar var 1,2% og því var **heildaratvinnuleysi 11,1%**. Alls voru 20.252 einstaklingar án atvinnu í október, þar af 8.204 erlendir ríkisborgarar.
- Atvinnuleitendum sem hafa verið án atvinnu í meira en 12 mánuði hefur fjölgað um 2.148 milli ára.
- Vinnumálastofnun merkir mikinn áhuga á vinnumarkaðsúrræðinu **Nám er tækifæri** og atvinnurekendum sem sækja um **ráðningarstyrk** fjölgar töluvert á milli ára.
- Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita 895 m.kr. til félagslegra aðgerða til að vinna gegn neikvæðum afleiðingum COVID-19 heimsfaraldurs á stöðu viðkvæmra hópa.
- Stefnt er að opnun tímabundinnar ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur þann **15. janúar** að Laugavegi 116 í Reykjavík.
- Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um **14,3%** á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 borið saman við sömu mánuði árið 2019.




Þróun atvinnuleysis

Samkvæmt októberskýrslu Vinnumálastofnunar var almennt atvinnuleysi 9,9% í október (20.252 einstaklingar) sem er nokkur aukning frá fyrri mánuðum. **Heildaratvinnuleysi var 11,1% (25.011 einstaklingar) þar af 1,2% (4.759 einstaklingar) vegna hlutabótaleiðar.**

Alls höfðu 3.614 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október, en þeir voru 1.466 í lok október 2019. Atvinnuleitendum sem hafa verið án atvinnu í meira en 12 mánuði hefur því fjölgað um 2.148 einstaklinga milli ára.

Atvinnuleysi er hærra meðal kvenna en karla alls staðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum. Heildaratvinnuleysið er nú 10,8% (9,7% í almenna kerfinu) meðal karla, en 11,4% (10,2% í almenna kerfinu) meðal kvenna á landinu öllu. Mestur er munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi meðal kvenna er 24,0% en 19,3% meðal karla þegar horft er á heildaratvinnuleysið. [Hér má nálgast októberskýrslu Vinnumálastofnunar.](#)

Hér að neðan má sjá þróun atvinnuleysis árið 2020 og stöðuna á landsvísu í október.



Áherslur í þjónustu Vinnumálastofnunar

Vinnumálastofnun leggur áherslu á virkni og menntun í vetur sem skiptist í þrenn aðskilin verkefni sem atvinnuleitendur og atvinnurekendur eru hvattir til að nýta sér:

1. Nám er tækifæri

Alls munu allt að 3.000 atvinnuleitendur sem verið hafa án atvinnu í sex mánuði eða lengur, fá tækifæri til að skrá sig í dagskóla samhliða atvinnuleysisbótum í eina önn en síðan taki námslánakerfið við af atvinnuleysisbótum.

Tilboðið afmarkast við nám í framhaldsfræðslu sem og starfs- og tækninám í framhaldsskólum og á háskólastigi, en jafnframt verði á háskólastigi lögð áhersla á að greiða atvinnuleitendum leið í aðfararnám að háskólastigi, og flýtleiðir háskólamenntaðra til annarrar prófgráðu s.s. á sviði hjúkrunarfræði, heilbrigðis- og kennslugreina.

Þar sem umsóknarfrestir í skólana eru við það að renna út mun það koma í ljós á næstu vikum hve margir kjósa að nýta sér Nám er tækifæri. Vinnumálastofnun hefur látið útbúa veglegt kynningarefni í formi myndbanda sem dreift hefur verið til atvinnuleitenda og víðar þar sem tækifærin sem felast í þessari leið eru kynnt. [Hér má nálgast kynningarefni á heimasíðu VMST um Nám er tækifæri.](#)

2. Ráðningarstyrkir

Atvinnurekendur geta fengið 100% grunnatvinnuleysisbætur auk 11,5% framlags í lífeyrissjóð í styrk til þess að ráða atvinnuleitenda í allt að sex mánuði þ.e. allt að 322.804 kr. í styrk á mánuði. Gefin var út ný reglugerð um vinnumarkaðsúrræði í haust sem þýðir að allir sem hafa verið sex mánuði án vinnu fá 100% styrk inn í 100% starf hjá atvinnurekenda. Að auki var bætt inn ákvæði um að fari atvinnuleysi á landsvísu eða einstöku svæði yfir 6% fari þetta tímabil niður í einn mánuð sem þýðir að nær allir atvinnuleitendur, sama hver bótaréttur þeirra er mikill, uppfylla skilyrði ráðninga með fullum styrk í dag.

Nokkur ásókn hefur verið í þetta vinnumarkaðsúrræði nú í haust og voru í ágúst og september gerðir alls **118 samningar** um ráðningar- og nýsköpunarstyrki miðað við 33 samninga sömu mánuði árið 2019. Vinnumálastofnun vinnur nú að því að koma á samstarfi við sveitarfélög og opinberar stofnanir, og kynna fyrir öðrum atvinnurekendum möguleikann um að skapa störf með styrk. [Hér má nálgast frekari kynningu á Ráðningarstyrk VMST.](#)

3. Aukning virkniúrræða

Atvinnuleitendur sem vilja skrá sig í allt að 40% nám í framhalds- og háskólum er það nú heimilt án þess að missa réttindi til atvinnuleysisbóta. Það sama á við um skipulagt nám samhliða starfi (allt að 22 einingar). Styrkir til atvinnuleitenda vegna námskeiðsgjalda (að hámarki 80.000 kr.) hafa einnig verið hækkaðir tímabundið úr 50% í 75% sem ætti að virkja hvetjandi til allra atvinnuleitenda sem vilja sækja skipulögð námskeið og bæta við sig færni á meðan atvinnuleysi varir.

Aukið verður svigrúm fyrir raunfærnimöt á mótum formlegu námi og þróað verður raunfærnimat fyrir innflytjendur til að fyrri nám og reynsla þeirra nýtist betur á íslenskum vinnumarkaði.

Ofan á þessar áherslur sem nefndar hafa verið mun fara fram samræming á þeirri íslenskukennslu sem stendur innflytjendum til boða auk þess sem heimilt verður að ráða leiðbeinanda (mentor) á vinnustað eða í skóla til aðstoðar eftir þörfum við bæði innflytjendur og ungt fólk. Fjármagn verður aukið í ráðgjöf við ungt fólk í atvinnuleit, svokallaðan NEET hóp.

Tímabundin ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur - Staðan

Unnið er að því að setja á fót ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur til reynslu á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með ráðgjafarstofunni er að veita sem flestum einstaklingum af erlendum uppruna möguleika á að fá upplýsingar og leiðbeiningar á einum stað. Með því að bjóða upp á viðtöl og upplýsingar á einum stað má, samhliða því að bæta þjónustuna við einstaklinga, létta á því álagi sem skapast hefur á aðrar þjónustustofnanir á borð við félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og fleiri aðila þar sem aukið álag er nú vegna kórónuveirufaraldurs. Fyrirhugað er að sérfræðingar frá öðrum stofnunum verði ýmist staðsettir á ráðgjafarstofunni eða eigi samstarf með föstum tengiliðum og hefur ráðuneytið þegar gert samning um aðkomu Vinnumálastofnunar og umboðsmanns skuldara og stefnt er að því að fá fleiri aðila til samstarfs. Um árabíl hefur félagsmálaráðuneytið gert samning við Mannréttindaskrifstofu Íslands vegna lögfræðiráðgjafar fyrir innflytjendur og til stendur að endurnýja þann samning á þann hátt að lögfræðiráðgjöfin nýtist vel og samræmist starfi ráðgjafarstofunnar. Undirbúningurinn er unninn í nánú samstarfi við Fjölmenningssetur og munu fulltrúar þess á höfuðborgarsvæðinu hafa aðsetur hjá ráðgjafarstofunni.

Félagsmálaráðuneytið mun leiða verkefnið á reynslutímabilinu og ráðinn hefur verið verkefnastjóri til níu mánaða frá 1. desember 2020. Samningur hefur verið gerður við Vinnumálastofnun um afnot af húsnæði að Laugavegi 116 og unnið er að breytingum á því. **Stefnt er að opnun ráðgjafarstofunnar þann 15. janúar 2021.**

Nýr félagslegur aðgerðapakki ríkisstjórnar

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum föstudaginn 20. nóvember sl. að verja 895 m.kr. til félagslegra aðgerða í vetur og næsta sumar. Um er að ræða annan félagslega aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar á tímum COVID-19 heimsfaraldurs sem mótvægi við þeim félagslegu áhrifum sem faraldurinn hefur og mun hafa á stöðu fatlaðs fólks, innflytjenda, aldraðra og annarra viðkvæmra hópa í samfélaginu.

Fjármagnið mun skiptast þannig:

1. Félagslegar aðgerðir fyrir aldraða – 130 m.kr.

Lögð verður áhersla á að efla félagsstarf fullorðinna í samvinnu við sveitarfélög og vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra með styrkjum til félagasamtaka sem sinna þeim þætti.

2. Félagslegar aðgerðir fyrir fatlað fólk og börn – 368 m.kr.

Lögð verður áhersla á að styrkja félagsstarf í vetur og sumar auk þess sem farið verður í vitundarvakningu og fræðslu til fatlaðs fólks og átak vegna biðlista hjá Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins.

3. Félagslegar aðgerðir fyrir innflytjendur – 40 m.kr

Áfram verður lögð áhersla á aðgengi að upplýsingum með eflingu heimasíðu Fjölmenningsseturs auk þess sem sett verða af stað virkniúrræði fyrir ungmenni af erlendum uppruna sem hvorki eru í vinnu né námi.

4. Félagslegar aðgerðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu – 190 m.kr.

Lögð verður áhersla á eflingu félagsstarfs fyrir börn í viðkvæmri stöðu, stuðning við sérstök verkefni og áframhaldandi stuðning lögreglu á höfuðborgarsvæðinu við börn í viðkvæmri stöðu.

5. Stuðningur við félagasamtök sem styðja við viðkvæma hópa – 80 m.kr.

Stutt verður áfram við starfsemi frjálsra félagasamtaka sem sannað hafa mikilvægi sitt á tímum COVID-19 heimsfaraldurs. Hér er meðal annars um að ræða félagasamtök sem þjónusta fólk sem býr við félagslega einangrun, andlegt álag og/eða fátækt. Enn fremur verður

horft til félagasamtaka á sviði neytendaverndar sem sinna mikilvægu þjónustuhlutverki á tímum sem þessum.

6. Þjónusta við heimilislauð fólk – 42,5 m.kr.

Ráðgert er að semja við Reykjavíkurborg um að sinna áfram þjónustu við heimilislauða af báðum kynjum til að tryggja fullnægjandi aðbúnað þeirra á tímum COVID-19 þegar sóttvarnir skipta miklu máli.

7. Verndun heimilanna – 45 m.kr.

Lögð verður áhersla á að auka aðgengi að upplýsingum og tryggja leiðbeiningaskyldu stjórnvalda um úrræði velferðarþjónustunnar sem standa öllum samfélagsþegnum til boða.

Ábendingar til viðbragðs- og eða uppbyggingarteymis

Viðbragðsteymi félagsmálaráðuneytisins bárust ábendingar, bæði frá Almannavörnum, Embætti landlæknis og Reykjavíkurborg, þess efnis að ákveðinn hópur einstaklinga hafi misst nauðsynlega þjónustu vegna hertra sóttvarnaráðstafana í kjölfar þriðju bylgju COVID-19. Í framhaldi var ákveðið að veita Hjálpræðishernum á Íslandi styrk til að koma á fót þjónustu þar sem boðið verður upp á hádegismat ásamt aðstöðu til persónulegra þrifa fyrir þá sem þurfa slíka þjónustu. Um er að ræða einstaklinga sem búa gjarnan við ótryggar og/eða bágar húsnæðisaðstæður og hafa átt athvarf hjá Kaffistofu Samhjalpar, sundlaugum, bókasöfnum og öðrum almenningsstöðum sem nú hafa lokað eða eru háð ströngum takmörkunum. Aðstaðan verður í nýju og rúmgóðu húsnæði að Suðurlandsbraut 72. Verkefnið er til sex mánaða og mun þjónustan fara af stað eigi síðar en 7. desember 2020. Um er að ræða samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðarbæjar.

Sérstakir íþróttá- og tómstundastyrkir vegna áhrifa COVID-19

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sérstökum íþróttá- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþróttá- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021 og er það hluti af aðgerðapakka sem kynntur var í vor og ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem COVID-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í landinu. Í framhaldinu verður ráðist í vitundavakningu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög, Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en **740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020**. Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn og eiga um 13.000 börn rétt á styrknum. Sveitarfélögin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á Ísland.is.

Styrkina er hægt er að nota til niðurgreiðslu á þáttökugjöldum vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms eða annarra tómstunda. Sveitarfélög setja reglur um úthlutun styrkjanna en fyrirkomulagið getur verið breytilegt á milli sveitarfélaga til dæmis varðandi það hvaða íþróttá- og tómstundastarf er styrkhæft, hvaða gögnum beri að skila með umsókn og afgreiðslutími umsókna.

[Hér má nálgast kynningarmyndbönd á ellefu tungumálum sem ætlað er að vekja athygli á styrknum.](#)

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 14,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 miðað við sama tíma árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 27,5% ef miðað er við fyrstu níu mánuði ársins 2018. Alls voru 9.570 tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2020. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 38,8% tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2020, hlutfallið var 44,0% fyrir sama tímabil árið á undan og 43,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2018. Þá hefur verið mikil fjölgun tilkynninga frá nágrönnum á milli ára. Í ár bárust 802 tilkynningar frá nágrönnum og eru það 39.7% fleiri tilkynningar en bárust í fyrra. Gera má ráð fyrir að sérstök vitundarvakning á vormánuðum þar sem athygli var vakin á tilkynningarskyldu almennings og mikilvægi þess að fólk láti vita ef upp kemur grunur um að barn búi við óviðunandi aðstæður hafi haft áhrif á fjölgun tilkynninga frá nágrönnum.

[Hér má nálgast skýrslu Barnaverndarstofu um samanburð á fyrstu níu mánuðum ársins 2018-2020.](#)